

Fundargerð 43. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2019, miðvikudaginn 9. janúar kl. 11:00 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Friðrik Már Sigurðsson, Guðrún Ólafía Sigurðardóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Ólafur Þór Ólafsson og Karólína Gunnarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir lögfræðingur, Helga Guðrún Jónasdóttir samskiptastjóri og Sigrún Þórarinsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Rannveig Einarsdóttir boðaði forföll á fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Félagspjónustunefnd sambandsins - 1810074SA

Nýir nefndarfulltrúar, þau Karólína Gunnarsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs Akureyrarbæjar, Ólafur Þór Ólafsson bæjarfulltrúi í Sandgerðisbæ, Friðrik Már Sigurðsson sveitarstjórnarfulltrúi Húnaþingi vestra og Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi Reykjavíkurborgar, voru boðin velkomin. Störf félagsþjónustunefndar voru kynnt og lögð fram drög að endurskoðuðu erindisbréfi. Einnig var farið yfir fyrirkomulag funda og aðgengi að gagnagátt.

Ekki kom fram athugasemd við drög að erindisbréfi og er því vísað til stjórnar sambandsins til staðfestingar. Ákveðið var að funda annan þriðjudag í mánuði kl. 12:30. Félagspjónustufulltrúi sendir nefndarmönnum fundarboð út árið. Næsti fundur verður þriðjudaginn 12. febrúar 2019.

2. Stefnumörkun sambandsins 2018-2022 - 1803024SA

Farið yfir stefnumörkun sambandsins 2018-2022 sem stjórn sambandsins samþykkti á fundi sínum þann 30. nóvember sl. með áherslu á þau markmið sem snúa að velferðarmálum.

Ákveðið að ræða ákveðin markmið stefnumörkunar frekar á næstu fundum félagsþjónustunefndar svo nefndarmenn hafi tækifæri til þess að kynna sér vandlega helstu efnistösk og áherslur sem þar koma fram. Unnið verður að framkvæmd stefnumörkunar í starfsáætlun lögfræði- og velferðarsviðs næstu árin.

3. Félagspjónustunefnd sambandsins - vinnufundur - 1810074SA

Fyrir liggur hugmynd um að efna til hálf dags vinnufundar félagsþjónustunefndar. Til grundvallar lægi ný stefnumörkun sambandsins til 2022 í velferðarmálum ásamt starfsáætlun lögfræði- og velferðarsviðs í þeim málaflökkum.

Nefndarmenn tóku jákvætt í hugmyndina um vinnufund þar sem mörg málefni eru á

dagskrá og heyra undir félagsþjónustunefnd sambandsins. Stefnt að því að halda vinnufund í marsmánuði. Dagskrá, skipulag og efnistöð vinnufundar verða rædd frekar á fundi nefndarinnar í febrúar.

4. Umsögn sambandsins um heilbrigðisstefnu - 1812030SA

Lögð fram umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 19. desember 2018, um heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Jafnframt lagt fram umræðuskjal um öldrunarþjónustu og hlutverk sveitarfélaga sem kynnt var á landsþingi sambandsins sem fram fór á Akureyri 26.-28. september 2018.

Tryggvi Þórhallsson fylgdi málinu úr hlaði og fór yfir helstu efnistöð í umsögn sambandsins. Heilbrigðisstefnan hefur fengið á sig töluverða gagnrýni, þar sem eingöngu er lýst einni mögulegri framtíðarsýn. Öldrunarþjónusta og heilbrigðisþáttur öldrunarþjónustu eru ekki nefnd í fyrrgreindi heilbrigðisstefnu. Um er að ræða þingsályktunartillögu og sambandið hvetur sveitarfélögin til þess að taka heilbrigðisstefnuna til umfjöllunar.

Félagsþjónustunefnd leggur áherslu á að ábendingar sem fram koma í umsögn sambandsins um drög að heilbrigðisstefnu fái vandaða umfjöllun og að tillit verði tekið til þeirra við mótun þingsályktunartillögu um heilbrigðisstefnu til 2030. Nefndin hvetur til þess að fulltrúar sambandsins fundi með heilbrigðisráðherra til að ræða umsögnina.

5. Átakshópur um aukið framboð á íbúðum til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði - 1812018SA

Stjórnvöld og heildarsamtök á vinnumarkaði hafa komið sér saman um að forsætisráðherra skipi átakshóp um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði. Farið verður yfir helstu aðgerðir og þá vinnuhópa sem hafa verið skipaðir vegna þessa.

Guðjón Bragason fylgdi málinu úr hlaði og fór yfir stöðu verkefna hópsins. Tryggvi Þórhallsson hefur auk þess komið að vinnunni. Unnið er með stefnumarkandi ákvarðanir til framtíðar um hvernig húsnæðismálum skuli háttað.

Félagsþjónustunefnd leggur áherslu á að tillögum átakshóps um bættu stöðu á húsnæðismarkaði, sem unnar eru í tengslum við yfirstandandi kjaraviðræður, verði fylgt markvisst eftir þannig að þær komist til framkvæmda. Í þeim tilgangi verði stofnaður samstarfsvettvangur stjórnvalda sem fara með húsnæðis-, mannvirkja-, skipulags- og byggðamál, og annarra hagsmunaaðila, til þess að tryggja yfirsýn, stuðla að samræmdri framkvæmd og aukinni hagkvæmni íbúðarhúsnæðis.

Guðjón Bragason og Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir viku af fundi að lokinni umfjöllun um þennan dagskrárlíð.

6. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur (réttur námsmanna og fatlaðs fólk), 140. mál - 1811057SA

Lögð fram umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 4. janúar 2018, um breytingu á lögum um húsnæðisbætur. Tryggvi Þórhallsson greindi frá því helsta sem fram kom í umsögn sambandsins. Um er að ræða gamalt mál sem hefur áður verið til umfjöllunar á þingi. Gert er ráð fyrir að útvíkka þann hóp sem á tilkall til húsnæðisbóta. Neyðarástand hefur ríkt á leigumarkaði og mikilvægt að

huga að úrbættum fyrir þann hóp einstaklinga sem þurfa sannarlega á húsnæðisstuðningi að halda.

Í umsögn sinni leggst sambandið gegn því að fyrirbyggjandi frumvarp hljóti afgreiðslu. Um er að ræða þingmannafrumvarp sem fylgir ekki kostnaðarmat og því má telja að það leiði til útgjaldaaukningar sveitarfélaga. Félagspjónustunefnd tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn sambandsins.

7. Samráðsnefnd um ábyrgðar- og verkaskiptingu í opinberri þjónustu 2018-2022 - 1801025SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir samráðsnefndar um skýra ábyrgðar- og verkaskiptingu í opinberri þjónustu og farið yfir helstu verkefni framundan. Sigrún Þórarinsdóttir og Tryggvi Þórhallsson fylgdu málinu úr hlaði en þau eiga sæti í nefndinni. Tryggvi var skipaður formaður samráðsnefndarinnar. Nefndin hefur m.a. mótað tillögur sem varðar fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn með það að markmiði að skapa öflugri og skilvirkari þjónustu í nærumhverfi barnsins.

Næsti fundur samráðsnefndar um skýra ábyrgðar- og verkaskiptingu í opinberri þjónustu verður haldinn miðvikudaginn 16. janúar nk. Fundargerðir nefndarinnar sem og staða mála verða lagðar fyrir nefndina til kynningar á komandi fundum.

8. Setning reglugerða á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk og félagsþjónustu sveitarfélaga - 1711019SA

Farið var yfir reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð sem var undirrituð þann 21. desember 2018 á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sem samþykkt voru þann 1. október 2018.

Vinnan hefur gengið mjög hægt og má nefna í því samhengi að eyðublöð og fylgiskjöl sem varðar málefni notendastýrðrar persónulegar aðstoðar eru ekki tilbúin.

Upplýsingapóstur verður sendur út til sveitarfélaganna er varðar næstu skref. Einnig verða skoðaðir möguleikar þess að sambandið standi fyrir umræðu- og upplýsingafundi en sveitarfélögin hafa kallað eftir leiðbeiningum og upplýsingaefni hvað varðar framkvæmd þeirra atriða sem fram koma í nýlegri reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð.

Fundi var slitið kl. 13:00

Friðrik Már Sigurðsson

Guðrún Ólafía Sigurðardóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Karólína Gunnarsdóttir